



Fundargerð

21. aðalfundar KGSÍ haldinn 28. maí 2016 á Sigló Hótel, kl. 9.00.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2015 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. Framkvæmdir við kirkjugarða á Tröllaskaga. Guðmundur Rafn Sigurðsson segir frá. Fyrirspurnir og umræður
8. Skýrsla um fjármál kirkjugarða o.fl. Jóhannes Finnur Halldórsson sérfræðingur í innanríkisráðuneyti og formaður ráðherranefndar, sem fjallaði um fjármál kirkjugarða og fleira, gerir grein fyrir vinnu nefndarinnar og niðurstöðum. Fyrirspurnir og umræður.
9. Samkomulagið við ríkið. Er þörf á að breyta skiptingunni innbyrðis? Þarf að taka fleira með í reikninginn en gert hefur verið? Framsöguverindi flytur Þórsteinn Ragnarsson. Fyrirspurnir og umræður.

Matarhlé frá 12:00 til 13:00

10. Rekstur og umhirða kirkjugarðs í meðalstóru og litlu sveitarfélagi. Ingólfur Jóhannsson frá Uppsölum í Eyjafjarðarsveit
11. Erindi heimamanns. Páll Helgason, fyrrv. kennari, hefur frjálst val.
12. Önnur mál.

Fundargestir:	
Jóhannes Finnur Halldórson	IRR
Þórsteinn Ragnarsson	KGRP
Berglind Jóhannsdóttir	KGRP
Jóhannes Pálmason	KGRP

Björn Sveinsson	KGRP
Gísli Jónasson	KGRP
Helga Þóra Jónsdóttir	KGRP
Helga Oddsdóttir	KGRP
Jörgen Pétur Guðjónsson	KGRP
Egill Heiðar Gíslason	KGRP
Emilía Guðrún Svavarsdóttir	KGRP
Heimir Bj. Janusarson	KGRP
Kristján Linnet	KGRP
Helga Halldórsdóttir	KGRP
Elín Sigrún Jónsdóttir	Útfararstofa Kirkjugarðanna
Þráinn Þorvaldsson	Útfararstofa Kirkjugarðanna
Skarphéðinn Ragnarsson	Kirkjugarður Blönduóss
Gísli Þór Pétursson	Egilsstaðakirkjugarður
Vigfús Hjörtur Jónsson	Áskirkjugarður, Fellingur
Guðjón Bj. Magnússon	Norðfjarðarkirkjugarður
Guðlaug Guðmundsdóttir	Kirkjugarður Siglufjarðar
Hermann Jónasson	Kirkjugarður Siglufjarðar
Sigurður Hlöðversson	Kirkjugarður Siglufjarðar
Hjalti Jóhannsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Jóhanna Arnórsdóttir	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Guðbjörg Arnórsdóttir	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Arnór Sigurðsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Magnús Gunnarsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Hermann Björn Erlingsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
Ragnhildur Benediktsdóttir	Kirkjugarðaráð
Sigurgeir Skúlason	Kirkjugarðaráð
Sveinn Valdimarsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Þórunn Íris Þórisdóttir	Kirkjugarður Keflavíkur

Þórður Kristjánsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Friðbjörn Björnsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Jakob Sigurðsson	Njarðvík
Ólafur Valgeirsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
Indriði Valdimarsson	Kirkjugarður Akraness
Þjóðbjörn Hannesson	Kirkjugarður Akraness
Þorsteinn Eyþórsson	Kirkjugarður Borgarness
Smári Sigurðsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Sigrún Stefánsdóttir	Kirkjugarðar Akureyrar
Margrét Þórhallsdóttir	Kirkjugarður Húsavíkur
Kristján Jón Guðjónsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir	Ólafsfjarðarkirkjugarður
Óskar Finnsson	Ólafsfjarðarkirkjugarður
Sigríður Munda Jónsdóttir	Ólafsfjarðarkirkjugarður
Narfi Björgvinsson	Hríseyjarkirkjugarður
Hanna Hauksdóttir	Hríseyjarkirkjugarður
Reynir Sveinsson	Hvalsneskirkjugarður

Þorsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ setti fund og bauð fundarmenn velkomna á 21. aðalfund KGSÍ á Siglufirði. Á fundinum væru fulltrúar 15 garða sem gæfi þversnið af kirkjugörðum landsins. Þorsteinn sagði að nú væru rekstaraðilar kirkjugarða á tímamótum því rekstur garðanna gæti ekki haldið áfram miðað við þau einingarverð sem notuð væru í dag og garðarnir gangi á sjóði og lífeyrisskuldbindingar og vonar hann að ríkið komi sem fyrst að samningaborðinu og samið verði um nýtt einingarverð.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Stungið var upp á Jóhannesi Pálmasyni sem fundarstjóra og Hermann Birni Erlingssyni sem fundarritara og voru þeir samþykktir í þau störf.

Fundarstjóri sagði að fundurinn hefði verið boðaður á réttum tíma í byrjun apríl og væri löglegur og vonar að fundurinn verði góður og lærdómsríkur.

2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ kynnti ársskýrslu stjórnar sem dreift var til fundarmanna og fór yfir efni hennar og vakti hann athygli á nokkrum atriðum. Framlag ríkisins til kirkjugarðanna fyrir árið 2015 var kr. 997.600.000, hækkun milli ára er 3.8%, hæsti gjaldaliðurinn í rekstri kirkjugarðanna er launakostnaður sem er um 70% hjá stærri görðunum. Í lok árs kom í ljós reiknivilla vegna framlags ríkisins fyrir árin 2009-2015 upp á 133 m kr. sem greitt var út úr fjárukalögum 2015. Taxti presta við útfararþjónustu hefur hækkað um 70% á tveimur árum, stjórn KGSÍ hefur ekki skoðun á því hvort þessi hækkun sé mikil en gagnrýnir að ekki komi mótframlag frá ráðuneytinu til að vega upp á móti henni. Ráðherranefnd um kirkjugarðasamkomulagið starfaði allt árið 2015 og skilaði skýrslu í lok mars sl. en þar kom í raun ekkert nýtt fram, mikilvægt er að hætta að tala og byrja að framkvæma þær breytingar sem þarf á samkomulaginu. Í svarbréfi frá ráðuneytinu dagsett 18. mars 2016 við kvörtun KGSÍ um seinagang, kvað við nýjan tón þar sem talað er um að hefja vinnu við endurskoðun samkomulagsins frá árinu 2005.

Nýir aðilar eru teknir við útgáfu Bautasteins en það er fyrirtækið Athygli. Sigurjóni og Huldu sem áður unnu að útgáfunni eru færðar þakkir fyrir góð störf.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góða skýrslu og frestaði umræðum um hana.

3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2014 lagðir fram til umræðu og samþykktar.

Björn Sveinsson fór yfir ársreikninga KGSÍ. Hann vakti athygli á ábyrgð endurskoðenda og ábyrgð stjórnar sem og áritun skoðunarmanna. Björn fór yfir alla helstu liði, rekstrartekjur, gjöld, efnahagsreikning, sjóðstreymi og ársreikning In Memoriam sem er ónotað félag. Rekstrartekjur ársins námu kr. 7.960.108, rekstrargjöld voru kr. 6.080.169. Tekjur umfram gjöld námu kr. 1.879.939 en eftir fjármagnsliði er hagnaður ársins kr. 2.033.659. Handbært fé í árslok 9.020.230 m.kr. og eigið fé kr. 9.107.330.

Fundarstjóri þakkaði Birni fyrir góðar útskýringar og gaf orðið laust fyrir fyrirspurnir

Ólafur Valgeirsson frá Vopnafirði sagði reikninga til fyrirmyndar, hann er ósáttur við svar ráðuneytisins til KGSÍ og svarið væri eins og ráðuneytið væri að svara allt öðru máli. Ráðuneytið sneiddi fram hjá þeim kostnaðarhækkum sem orðið hafa og vonaði að hægt verði að semja við núverandi Innanríkisráðherra áður en til næstu ríkisstjórnarskipta kæmi og þá fá nýjan ráðherra að verkinu sem ekki þekkir það.

Sigrún Stefánsdóttir frá Akureyri, hver er þessi útselda þjónusta? Svar, seldar voru rafrænar legstaðaskrár til lífeyrissjóðs VR sem samkeyrir skrárnar við sín kerfi til að greiðslur lífeyris úr sjóðnum verði sem réttastar.

Hermann Jónasson frá Siglufirði, Hvaðan kemur þessi tillaga að garðarnir greiði kostnað vegna útfara til presta? Svar, það var Herra Ólafur Skúlason biskup sem lagði þetta til og var það samþykkt.

Arnór Sigurðsson frá Hafnarfirði, hefur stjórn kannað hvort hægt væri að sækja um að fá endurgreiddan virðisaukaskatt af vélakaupum til garðanna, þetta væru oft háar upphæðir enda virðisaukaskattur nærri 25%. Svar, settar eru mjög þröngar skorður við endurgreiðslur vegna virðisaukaskatts og þær væru nær eingöngu vegna sérfræðivinnu. Beint var til stjórnar að skoða þetta mál.

Helga Þóra Jónsdóttir frá Reykjavík, benti á að áður fyrr þurftu prestar að innheimta aðstandendur um grafargjald sem oft var mjög erfitt og þess vegna var þessi tillaga samþykkt.

Fundarstjóri bar upp reikninga til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

4. Kosning formanns KGSÍ.

Þórsteinn Ragnarsson gaf kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma kjörinn formaður.

5. Kosning annarra stjórnarmanna.

Fundarstjóri kynnti þá einstaklinga sem sátu í stjórn og varastjórn. Þórsteinn Ragnarsson formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Smári Sigurðsson sem aðalmenn, Þórunn Ragnarsdóttir og Indriði Valdimarsson sem varamenn. Smári gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Tillaga kom frá stjórn að Indriði Valdimarsson færist úr varastjórn í aðalstjórn og Albert Eymundsson frá

kirkjugörðunum í Höfn og Stafafelli í Lóni verði nýr varamaður. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða að kjósa Guðmund og Indriða sem aðalmenn og Þórunni og Albert sem varamenn.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ

Skoðunarmenn voru endurkjörnir, þeir eru Þjóðbjörn Hannesson og Sveinn Valdimarsson.

Fundarhlé var gert frá kl. 10:10 – 10:25.

Þórsteinn Ragnarsson formaður hóf fundinn eftir hlé og kallaði til sín Smára Sigurðsson og þakkaði honum fyrir mjög góð störf fyrir KGSÍ, ánægjulegt samstarf og vináttu, færði hann Smára kveðjugjöf.

7. Framkvæmdir við kirkjugarða á Tröllaskaga. Guðmundur Rafn Sigurðsson segir frá. Fyrirspurnir og umræður

Guðmundur fór yfir framkvæmdir sem hann hefur komið að í gegnum tíðina á kirkjugörðum á Tröllaskaga. Mörg verkefni hafa verið sett af stað, sumum lokið, hluti af öðrum og önnur ekki framkvæmd. Í öllum tilfellum þá hefur skort fjármagn til að hefja framkvæmdir eða ljúka þeim. Hann vakti athygli á stóru vandamáli kirkjugarðanna á Tröllaskaga en það eru snjóþyngsli sem eyðileggja girðingar og benti hann á að hlaðnir veggir stæðu sig best í snjóþunga. Finnst honum mikilvægt að hugað verði að umhirðu kirkjugarðanna og fleiri fengnir að verkinu enda eru þetta menningarverðmæti sem ber að verja og viðhalda. Eins geta kirkjugarðar verið aðdráttarafi fyrir ferðamenn.

8. Skýrsla um fjármál kirkjugarða o.fl. Jóhannes Finnur Halldórsson sérfræðingur í innanríkisráðuneyti og formaður ráðherranefndar, sem fjallaði um fjármál kirkjugarða og fleira, gerir grein fyrir vinnu nefndarinnar og niðurstöðum. Fyrirspurnir og umræður

Jóhannes fór yfir störf nefndarinnar en í henni voru auk hans Guðrún Ögmundsdóttir fjármálaráðuneyti og Þórsteinn Ragnarsson KGSÍ. Jóhannes sagði m.a.að skerðing vegna hrunsins hefði verið tæpir 1.971 m. kr. Leiðrétting, sem greidd var sérstaklega vegna of mikillar skerðingar árána 2009 -2015 alls 133 m. kr., var greidd sem aukafjárveiting. Við nánari skoðun skerðingar kom í ljós umframskerðing um 324.6 m. kr. Fjármálaráðuneytið hafnaði að greiða þessa umframskerðingu með vísan í grein í samningum sem segir að ríkið ákveði á endanum fjárveitinguna og auk þess viðhafði ráðuneytið aðrar forsendur í útreikningum á aukafjárframlaginu. Jóhann hvatti KGSÍ að horfa til nýs upphafs hefja viðræður um nýtt einingarverð, hvatti hann einnig til sameiningar kirkjugarða.

Fyrirspurnir

Ólafur Valgeirsson frá Vopnafirði sagði að það væri skrytið að hægt væri að láta 324.6 m.kr með því að segja púff hér og púff þar og hún væri horfin, það væri ágætt ef hann gæti gert það sama við húsnæðislánið sitt, púff og hann skuldaði ekki neitt.

Smári Sigurðsson frá Akureyri, sagðist fagna því ef hægt yrði að byrja á núllpunkti og raungera einingarverð.

Þráinn Þorvaldsson frá Reykjavík benti á að betra væri að stjórnir eða sóknarnefndir hefðu frumkvæði að sameiningu kirkjugarða heldur en það kæmi frá stjórnvöldum.

9. Samkomulagið við ríkið. Er þörf á að breyta skiptingunni innbyrðis? Þarf að taka fleira með í reikninginn en gert hefur verið? Framsöguerindi flytur Þórsteinn Ragnarsson. Fyrirspurnir og umræður.

Þórsteinn sagði að hugmyndafræði reiknilíkansins og samkomulagsins frá 2005 felist í því að hver kirkjugarður fái rekstrarfé sem nægir til að sjá um garðinn í samræmi við lagaskyldur hans og í réttu hlutfalli við umsvif og kostnað við þann lögboðna rekstur.

Fram kom að ríkið reiknar út framlag ríkisins en kirkjugarðaráð úthlutar því til kirkjugarða samkvæmt innra gjaldalíkani. Þórsteinn sagði að útreikningar ríkisins, eins og þeir hafa verið frá 2009, séu ekki „í réttu hlutfalli við umsvif og kostnað við þann lögboðna rekstur“ Það kom glögglega fram í skýrslu um fjármál kirkjugarða sem kom út í lok mars sl.

Þórsteinn spurði hvort þörf væri á að breyta skiptingunni innbyrðis og fór yfir gildandi reglur um skiptinguna. Fram kom að líkhúsrekstur og rekstur athafnarýma eru ekki lögbundin verkefni og þess vegna hafi verið ákveðið á sínum tíma að þeir kirkjugarðar sem hafa annast þann rekstur myndu annað hvort fá sértekjur frá ríkinu eða fá leyfi til að innheimta gjald til að gera reksturinn kostnaðarréttan. Þetta gekk ekki samkvæmt áætlun. Hvorki sértekjur frá ríkinu né heimild til að innheimta kostnaðinn beint frá

dánarbúi gekk eftir. Fram kom að rekstur líkhúss og athafnarýma í Fossvogi nam 13,1% af heildartekjum KGRP, um 62,5 m.kr. árið 2015. Þórsteinn sagði að stjórn KGSÍ leggi ekki til að svo stöddu að taka þennan kostnað inn í útdeilinguna og sagði að látið

yrði á það reyna hvort stjórnvöld vilji viðurkenna þennan aukakostnað sem nokkrir kirkjugarðar axla og kostnaðinum verði bætt við framlagið eða hvort lögum um kirkjugarða verði breytt í þá veru að gjaldtaka verði heimiluð. Fram kom í máli Þórsteins að verði ekki tekið neitt tillit til þessa kostnaðar, kæmi aðeins tvennt til greina:

- Viðkomandi kirkjugarðastjórnir segi þessari þjónustu upp og leggi hana niður.
- Kostnaður við þjónustuna verði settur inn í gjaldalíkanið.

Jafnframt því að leysa sértekjumálið þarf KGSÍ að huga að nákvæmari kostnaðargreiningu kirkjugarða. Stjórn KGSÍ leggur í því sambandi áherslu á eftirfarandi:

- Lagt verður til að framlög til kirkjugarða byggi á nákvæmari áætlun um fjárþörf hvers garðs miðað við ákveðið þjónustustig. Fleiri matsatriði þurfa að koma inn, s.s. hvort húsnæði er á staðnum, hvort fastur starfsmaður er við vinnu o.fl.
- Áætlunin byggi öðrum þræði á ársreikningum kirkjugarða 4 – 5 ár aftur í tímann til að forðast frávik sem verða þegar farið er í kostnaðarsamt viðhald eða framkvæmd sem ekki er endurtekin. Niðurstaða rekstrarreiknings garðanna er góð vísbinding um hvert einingarverð hvers rekstrarliðar er.
- Tengja greiðslukerfið á Garður við umhirðu garðanna eins og búið er að gera varðandi greftranir.

Síðan tilgreindi Þórsteinn þá rekstrarliði sem hann telur að taka eigi tillit til í hverjum flokki. Að lokum sagði Þórsteinn að þýðingarmestu verkefni KGSÍ væru þrjú:

- Stuðla að því að samkomulagið við ríkið verði endurnýjað.
- Stuðla að því að kirkjugarðafrumvarpið verði að lögum.

- ❑ Kostnaðargreina alla kirkjugarða á landinu og greiða þeim af framlagi ríkisins í hlutfalli við þann kostnað.

Hermann Jónasson frá Siglufirði vakti athygli á kostnaði sem fellur til vegna snjómokstur og fjármagn til þess verkliðar er af skornum skammti. Þórsteinn benti á að ekki væri tekið tillit til snjómoksturs í greiðslulíkaninu og þyrfti að lagfæra það.

Fundarhlé var gert frá kl. 12:04 – 13:05

10. Rekstur og umhirða kirkjugarðs í meðalstóru og litlu sveitarfélagi. Smári Sigurðsson frá Akureyri og Ingólfur Jóhannsson frá Uppsölum í Eyjafjarðarsveit

Smári Sigurðsson frá Akureyri, sagði frá breytingum á eftirstöðvum af grafargjaldi árin 2014 – 2016, árið 2014 kr 50.626, 2015, kr 40.387 og 2016 kr 41.327, hækka þarf grafargjaldið verulega til að það standi undir kostnaði við grafartöku. Mikilvægt væri að endurskoða einingarverð og nefndi þrennt sem þarf að koma til framkvæmda, samningur við innanríkisráðuneytið verði endurskoðaður og einingarverð raungerð þannig að eðlilegt endurgjald fáiast fyrir vinnu og þjónustu, Endurskoðun á gjaldamódelinu – okkar innri skiptingu, gert verði ráð fyrir rekstri líkhúsa og athafnarýma á Íslandi. Smári fór að lokum yfir vetrarstarf í kirkjugarði Akureyrar í máli og myndum, vetur ríkir að meðaltali í fjóra mánuði í garðinum og eru 3 vélar fastar í snjómokstri flest alla vetrardagana

Ingólfur Jóhannsson skruðgarðyrkjumeistari sagði frá störfum sínum sem verktaki við umhirðu kirkjugarða í Eyjafjarðarsveit. Mesta vandamálið væri skortur á fjármagni og oft lítill skilningur umhirðu, auðveldara væri að fá fjármagn í sérverkefni heldur en umhirðu. Þrjú mikilvæg atriði þurfa að vera til staðar svo umhirða verði sem

best, peningar, rútína í vinnu, og gott starfsfólk. Ekki væri kostur að skipta reglulega um verktaka það kallaði oft á vandræði því vanir verktakar þekkja garðana betur. Mjög mikilvægt væri að verktakinn fengi greitt fyrir vinnu sína en væri ekki að vinna í sjálfboðavinnu eins og oft er þegar umsjónarmenn garða þekkja vel til verktakans.

Ólafur Valgeirsson frá Vopnafirði spurði um slátt og áburðargjöf. Ingólfur sagði að hann skipti slætti í tvo hluta fyrri part sumars og þá væri slegið á 12 daga fresti og seinni parts sumars þá væri slegið á 21 daga fresti. Best er að halda áburðargjöf í lágmarki og bera eingöngu á svæði sem þyrftu áburð.

Arnór Sigurðsson frá Hafnarfirði, sagði að í hans garði væri ekki hirt innan ramma við leiðin sem oft væru til vandræða við slátt. Ingólfur sagði að best væri að losna við rammanna úr görðunum en í görðum úti á landi eru persónuleg tengsl verktakans við aðstandendur og umsjónarmenn oft ekki til að auðvelda slíkar aðgerðir.

Smári Sigurðsson frá Akureyri, benti á að hver garður getur sett sínar reglur um stærð og gerð minningarmarka.

11. Erindi heimamanns. Páll Helgason, fyrrv. kennari, hefur frjálst val.

Páll sagði frá lífshlaupi sínu á Siglufirði, flutti limrur og sögur af samtímamönnum sínum.

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir líflega frásögn.

9. Önnur mál.

Indriði Valdimarsson frá Akranesi þakkaði fyrir traustið að vera kosinn sem aðalmaður í stjórn KGSÍ og sagði frá störfum sínum fyrir KGSÍ og sem starfsmaður Kirkjugarðs Akraness frá árinu 2001.

Elín Sigrún Jónsdóttir frá Úfararstofu Kirkjugarðanna. Hún lýsti ánægju sinni með fundinn og kynnti starfsemi og tilurð Útfararþjónustu Kirkjugarðanna. Megin markmið þeirra er að bjóða upp á góða þjónustu m.a. lögfræðisþjónustu sem hefði mælst vel fyrir. Vöxtur hefur verið í alþjóðlegri þjónustu við erlenda ferðamenn og Íslendinga á ferðalögum erlendis. Einn þáttur í starfseminni er samstarf með systurstofnunum á norðurlöndunum og í haust verður árlegur fundur þeirra haldinn á Íslandi. Þá verður haldin málstofa um dauðann og útfarir og samstarf við þá sem koma að útfararstörfum. Hún hvetur til þess að menn hugi vel að gildum kirkjugarðanna og hlakkar til samstarfs með starfsmönnum kirkjugarðanna.

Gísli Þór Pétursson frá Egilsstöðum hvatti til að auka bálfarir úti á landi og koma helst upp bálstofum á vestfjörðum og Akureyri. Þórsteinn svaraði að kostnaður við

uppsetningu bálstofu væri það mikill að Ísland bæri ekki nema eina bálstofu. Leggja þarf áherslu á að koma upp betra flutningskerfi fyrir kistur frá landsbyggðinni til bálstofunnar í Reykjavík.

Björn Sveinsson KGRP. Það fundarmenn að taka með sér pakka með nýjasta eintakinu af Bautasteini sem liggja á borði við útganginn.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund.

Þórsteinn Ragnarson formaður KGSÍ flutti lokaorð og þakkaði fundargestum fyrir góðan fund og sleit fundi klukkan 14:43.

Fundargerð ritaði:

Hermann Björn Erlingsson

ritari stjórnar Kirkjugarðs Hafnarfjarðar.

ATH! Myndir af aðalfundi eru á slóðinni:

https://www.gardur.is/kgsi_vefur/myndir2016/ (ARE)

<https://www.flickr.com/photos/143556812@N07/shares/2jw9eK>

(ÞR)